

LÖG

um jarðakaup ríkisins.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að kaupa jarðir handa ríkissjóði, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sem nefnist jarðakaupasjóður ríkisins. Tekjur sjóðsins eru:

- a) Afgjöld af núverandi þjóð- og kirkjujörðum.
- b) Afgjöld þeirra jarða, sem keyptar verða eftir lögum þessum.

3. gr.

Tekjum jarðakaupasjóðs skal verja til kaupa á jörðum, að uppfylltum þeim skilyrðum fyrir jarðakaupunum, sem lög þessi setja.

4. gr.

Skilyrði fyrir því, að ríkið kaupi jörð, eru:

- a) Að ekki séu horfur á, að jörðin verði fyrir skemmdum af völdum náttúrunnar, svo sem vatnsflóðum, skriðuhlaupum, landbroti o. s. frv., eða að líkur séu til þess, að hún í náinni framtíð leggist í eyði af öðrum ástæðum.
- b) Að tryggt sé, að jörðin byggist eftir lögum nr. 8 1. febr. 1936, um erfða-ábúð og óðalsrétt, sbr. þó 8. gr.
- c) Að kaupverðið fari ekki fram úr þeim fasteignaveðslánum, er á jörðinni hvila við opinbera sjóði og lánsstofnanir, og aldrei yfir fasteignamat.

Þó er ríkisstjórninni heimilt að kaupa jarðir, enda þó að minna hvíli á þeim af fasteignaveðslánum við opinbera sjóði en nemur sanngjörnu kaupverði þeirra, ef tekjur jarðakaupasjóðs hrökkva fyrir meiri jarðakaupunum en hjóðast samkvæmt ákvæðum fyrri málsgr. þessa stafl., en aldrei má þó kaupverðið vera hærra en fasteignamatsverð.

5. gr.

Dyki ríkisstjórninni ekki nægilega upplýst um ásigkomulag jarðar, sem boðin er til kaups, getur hún leitað álits Búnaðarfélags Íslands um jörðina og

staðhætti alla. Að fengnu álitu þess ákveður ríkisstjórnin, hvort af kaupunum verður eða ekki.

92
23. júní

6. gr.

Greiðslum fyrir þær jarðir, sem ríkið kaupir eftir lögum þessum, skal að jafnaði haga svo, að jarðakaupasjóður tekur að sér greiðslur áhvilandi fasteignaveðslána í opinberum sjóðum, eftir því sem á stendur og um semst við viðkomandi lánsstofnanir.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra getur falið sérstökum manni umsjón með jarðakaupum ríkisins, eftirlit með þjóð- og kirkjújörðum, reikningshald jarðakaupasjóðs, svo og aðrar framkvæmdir, er af lögum þessum leiðir.

8. gr.

Drátt fyrir ákvæði laga nr. 8 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, er leyfilegt að byggja jarðir, sem keyptar eru eftir lögum þessum, 1% hærra en getur í 2. gr. þeirra laga, meðan á þeim hvila fasteignaveðslán, sem eru svo há, að vextir þeirra eru hærri en nemur afgjaldinu, reiknuðu eftir 2. gr. laga nr. 8 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt.

9. gr.

Reikningsár jarðakaupasjóðs er almanaksárið. Yfirskoðunarmenn landsreikninganna skulu endurskoða reikninginn.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld: 1. tölul. 24. gr. laga nr. 46 frá 16. nóv. 1907, um laun sóknarpresta. Ákvæði 1. tölul. 2. gr. laga nr. 17 frá 13. júní 1925, um ræktunarsjóð Íslands, að því er snertir tekjur af þjóðjörðum, svo og önnur lagaákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.